



Ástvinir þakka vináttu og samúð og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju að lokinni athöfn.

Jarðsett verður í Kirkjugarði Hafnarfjarðar.

Prestur: Séra Bragi Skúlason
Tónlist: Guðrún Árný Karlsdóttir
Umsjón útfarar: Frimann og Hálfán - Útfararþjónusta

Pixel prentþjónusta

Jóna Jónsdóttir

Fædd 18. mars 1943
Dáin 17. september 2023

Útför frá Hafnarfjarðarkirkju
miðvikudaginn 27. september 2023

FORSPIL

Ave Maria

F. Schubert

BÆN

Íslenska konan

Ómar Ragnarsson / Billy Joel

RITNINGARLESTUR

Það má svo sem vera
að vonin ein
hálf veikburða sofni í dá.
Finnst vera eitthvað
sem íþyngir mér
en svo erfitt í fjarlægð að sjá.
Það gilda má einu
hvort ég áleiðis fer
eða staldra hér ögn við og bíð.
Þótt tómið og treginn
mig teymi út á veginn
ég veit ég hef alla tíð...

verið umvafin englum
sem að vaka hjá
meðan mannhjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.
Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein
því ég er umvafin englum
aldrei ein - aldrei ein.

Valgeir Skagfjörð / Sarah McLachlan

Svo endalaus ótti
við allt sem er
og alls staðar óvini að sjá.
Veðrin svo válynd
og víðáttan grimm,
ég vil fría mig skelfingu frá.
Í tíma og rúmi
töfraoðin mín
og tilbrigðin hljóma svo blíð.
Líst ekki að ljúga
mig langar að trúa
að ég hafi alla tíð...

verið umvafin englum
sem að vaka hjá
meðan mannhjörtun hrærast
þá er huggun þar að fá.
Þó að vitskert sé veröld
þá um veginn geng ég bein
því ég er umvafin englum
aldrei ein - aldrei ein.

GUÐSPJALL

Ef rödd mín hefði vængi
Þá flygi hún til þín.
Og myndi hvísla í eyra þitt
hve sárt ég sakna þín.

Þú kennir mér á lífið
Þú sýndir mér svo margt.
Þú huggaðir og verndaðir
ef lífið var of hart.

Þú kenndir mér að syngja
þú dansaðir við mig.
Ef slæmir draumar herjuðu
var nóg að faðma þig.

Hrafnhildur Viðarsdóttir / Guðrún Árný

Þú kenndir mér að trúa á mig
Þegar sjálfstraustið var lágt.
Þú faðmaðir og hughreystir
þegar ég átti eitthvað bágt.

Þú kenndir mér að syngja
Þú dansaðir við mig.
Ef slæmir draumar herjuðu
var nóg að faðma þig.

Þú gafst mér allt sem þurfti til
að lukkan væri mín.
Það eina sem ég lærði ekki
..... er að lifa án þín.

MINNINGARORÐ

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjararstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó
ég fugla skar og líka' úr smiðjumó.
Í hugarum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri' í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Davíð Stefánsson / Atli Heimir Sveinsson

BÆN OG FAÐIR VOR

Söknuður

Vilhjálmur Vilhjálmsson / Jóhann Helgason

MOLDUN

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Sveinbjörn Egilsson / P. C. Krossing

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson / P. C. Krossing

BLESSUN

EFTIRSPIL

Drangsnæsbragurinn

Ingimundur Jörundsson frá Helli